

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2016

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið (575. mál)

Með frumvarpinu er lagt til að lög um helgidagafrið nr. 32/1997 falli brott. Lög um helgidagafrið hafa þann tilgang að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar. Jafnframt takmarka þau starfsemi ýmissa rekstraraðila á nánar tilteknum helgidögum. Viðskiptaráð styður frumvarpið. Lög um helgidagafrið takmarka einstaklingsfrelsi um of og eru barn síns tíma.

Órökstudd frelsistakmörkun

Samkvæmt lögum um helgidagafrið er starfsemi markaða, verslunar og önnur viðskiptastarfsemi óheimil á tilteknum helgidögum.¹ Í lögunum eru jafnframt ýmsar skemmtanir, svo sem dansleikir eða einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang, óheimilar á tilteknum helgidögum.

Brot gegn lögum um helgidagafrið varða sektum og brjóti handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögunum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

Framangreind bönn takmarka frelsi einstaklinga til atvinnurekstrar eða skemmtana án þess að fullnægjandi rök fyrir slíkum takmörkunum séu til staðar. Að mati Viðskiptaráðs eiga einstaklingar að njóta sama frelsis alla daga ársins – hvort sem stjórnvöld kjósa að skilgreina þá sem helgidaga eður ei.

¹ Frá þessu banni eru gerðar nokkrar undantekningar. Sem dæmi má nefna að starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum – þar sem a.m.k. 2/3 hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki – er undanþegin banninu.

Lög um helgidagafrið barn síns tíma

Tilgangur laga um helgidagafrið er „að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar.“² Að mati Viðskiptaráðs er þessi tilgangur barn síns tíma. Í dag má telja óeðlilegt að hefðir eins trúfélags réttlæti kvaðir á alla einstaklinga í þjóðfélaginu – óháð því hvort þeir séu í viðkomandi trúfélagi eða ekki. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru ríflega 28% Íslendinga utan þjóðkirkjunnar árið 2016. Frelsi allra einstaklinga til atvinnurekstrar eða skemmtana ætti því ekki að skerða á grundvelli hefða þeirrar kirkju.


Lögbundnir frídagar áfram tryggðir

Með frumvarpinu er gerð orðalagsbreyting á lögum um 40 stunda vinnuviku til að tryggja rétt til frídaga á helgidögum. Í staðinn fyrir að þess sé getið að helgidagar þjóðkirkjunnar séu frídagar verða umræddir dagar taldir upp í því ákvæði sem lögbundnir frídagar. Jafnframt er frítökuréttur og hvíldartími tryggður í kjarasamningum. Þrátt fyrir brottfellingu laga um helgidagafrið verður réttur til frítöku á helgidögum því áfram til staðar.

Að framangreindu sögðu tekur Viðskiptaráð undir efni frumvarpsins. Ráðið hvetur Alþingi í framhaldinu til að auka sveigjanleika vegna frítöku í tengslum við helgidaga. Þannig ætti að gera launþegum og vinnuveitendum kleift að taka frí vegna helgidaga öðrum hvorum megin við aðliggjandi helgar og tryggja þannig að dagarnir nýtist þeim með sem bestum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

² Lög nr. 32/1997 um helgidagafrið